



Erindisbréf ungmennaráðs Þingeyjarsveitar

1. Stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð heyrir undir félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar og er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki.

2. Skipan ráðsins

Í ungmennaráði eiga sæti fimm fulltrúar. Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í Þingeyjarsveit og eru á aldrinum 14-17 ára. Skipunartími ráðsins er eitt ár í senn en fulltrúar eru tilnefndir af grunnskólum sveitarfélagsins og Framhaldsskólanum á Laugum að hausti með eftirfarandi hætti:

- Stórutjarnaskóli tilnefnir þrjá fulltrúa, úr 8.,9. og 10. bekk, tvo aðalmenn og einn til vara.
- Þingeyjarskóli tilnefnir þrjá fulltrúa, úr 8.,9. og 10. bekk, tvo aðalmenn og einn til vara.
- Framhaldsskólinn á Laugum tilnefnir einn fulltrúa á fyrsta ári og einn til vara.
- Mikilvægt er að tilnefningar taki mið af kynjaskiptingu eins og hægt er.
- Þegar svo stendur á að ekki er hægt að uppfylla ofangreind skilyrði er heimilt að laga sig eftir aðstæðum.

Félags- og menningarmálanefnd staðfestir tilnefninguna skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.

Nefndin kýs formann og ritara á fyrsta fundi sínum. Auk kjörinna fulltrúa eiga fulltrúi félags- og menningarmálanefndar og sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi Þingeyjarsveitar situr fundi ungmennaráðsins og er því til aðstoðar.

3. Hlutverk og markmið

Ungmennaráð Þingeyjarsveitar er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 14-17 ára í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Tilgangur ráðsins er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að koma sínum skoðunum og tillögum á framfæri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þá einnig að veita ungu fólki fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi aðstöðusköpun og afþreyingarmöguleika ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að gæta hagsmuna og koma skoðunum og tillögum ungs fólks til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- Að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.



4. Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar sem hér fara á eftir og skal þeim fylgt eftir því sem við á:

Ungmennaráð kemur saman fyrir luktum dyrum og skal ráðið halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigenda, meginefni og afgreiðsla nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðum kemur formaður ungmennaráðs til formanns félags- og menningarmálanefndar. Ritari ungmennaráðsins sendir fundarmönnum afrit af fundargerð ungmennaráðsins.

Ungmennaráð skal funda að lágmarki tvisvar á ári. Formaður ungmennaráðs sér um boðun funda sem skal vera skrifleg eða rafræn og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum í ungmennaráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundum, eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund.

Formaður ungmennaráðs stýrir fundum skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ungmennaráðs er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

4. Eftirfylgni

Formaður ungmennaráðs og aðrir fulltrúar hans skulu snúa sér til formanns félags- og menningarmálanefndar með eftirfylgni staðfestrar samþykktar ungmennaráðsins.

5. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglum, sem undir starfssvið þess heyrir og gildir hverju sinni. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.

Samþykkt af sveitarstjórn 18.10.2018